



Þjónusta Flóahrepps tekur eftirfarandi breytingum vegna hertra aðgerða í sóttvörnum vegna Covid - 19

Krakkaborg:

Leikskólinn Krakkaborg verður opinn en hólfaskipting hefur tekið gildi. Uglu og Krummadeild eru saman í hólfi en Lóudeild sér. Grímuskylda foreldris og starfsmanns er við móttöku barna.

Flóaskóli:

Sömu reglur verða í Flóaskóla og í vor en grímuskyldan bætist við. Starfsmenn og kennarar geta farið á milli hólfa ef nauðsyn krefur en reynt er að forðast það en þá er grímuskylda. 1. - 3. bekkur verða áfram í sínu hólfi. Breyta þarf hópaskiptingunni í 4. – 6. bekk til þess að uppfylla reglugerð.

Skólinn tekur á móti 1. – 6. bekk alla daga vikunnar en 7. – 10. koma til skiptis annan hvern dag. Virkni við nám er haldið alla daga í gegnum „Teams“. Grímuskylda er í skólabílum og mælst er til þess að nemendur frá sömu heimilum sitji saman. Auðvelda á ræstingu ásamt útfærslu í mötuneyti með því að stytta skóladaginn til klukkan 12:00. Sérgreinar falla niður og áhersla verður á bóknámsgreinar þennan tíma til þess að nemendur þurfi ekki að fara á milli hólfa.

Starf nemenda í skólanum skerðist því um 2 kennslustundir á dag og heimakstur verður klukkan 12:00 í stað 14:00. Þrjú svæði verða útbúin fyrir kaffiaðstöðu starfsmanna grímuskylda, ef nauðsynlega þarf að fara á milli svæði.

Skólavistun:

Skólavistun í Flóaskóla verður opin frá hádegi til klukkan 16:30.

Skrifstofan:

Skrifstofan er opin á auglýstum tíma en við biðjum ykkur að nýta síma og tölvupóstsamskipti eins og mögulegt er. Grímuskylda er hjá þeim sem eiga erindi til okkar. Við bendum einnig á þann möguleika að pantar „Teams“ fund með stjórnendum og starfsmönnum.

Félagsheimilin:

Engin útleiga er fyrir hópa og allt íþróttar og tólmstundastarf þ.m.t. skólaíþróttir, fellur niður til 17. Nóvember 2020.

Munum að við erum öll almannavarnir og með samvinnu og samstöðu vinnum við á veirunni.

Eydís Þ. Indriðadóttir,

sveitarstjóri Flóahrepps og tengiliður AlmannaVarna.

Skjalið gildir til 17. nóvember 2020.